

yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, skal því við bætt, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert að öðru leyti því til fyrirstöðu, að gengið verði að sáttaboðinu.

1869.

8. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1868.

9. júlí.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1867 og 1868, svo að alþingi geti gefið tækifæri á að íhuga á næsta fundi, hvort við eigi að löggilda nokkurt af þessum lagaboðum á Íslandi. Jafnframt og þess skal getið um lög 14. febrúarmán. 1868, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, að þegar er búið að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að samsvarandi lagafrumvarp verði lagt fyrir alþingi, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp, samkvæmt konungsráðgjafi 4. janúarmán. 1861, en samt væri óskandi, að athygli alþingis yrði sérstaklega leidd að lögum 3. aprílmán. 1868 um uppreist á æru.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um að leita álits alþingis um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.

9. júlí.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, hefir Snæfellsnessýsla í vesturamtinu á Íslandi hangið uppslegin sem laus síðan í haust er var, en þar eð enginn hefir enn þá sókt um umbætti þetta, verður ekki við því búið, að hæfilegur

1869.
9. júlí.

maður verði skipaður í það, nema því að eins, að einhverjar ráðstafanir yrði gjörðar til að bæta tekjur embættisins. Þar eð dómsmálastjórninni hefir borizt með seinasta póstkípi frá Íslandi bænarskjal frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu um lausn, verður sú sýsla þannig líka laus, og með því að tekjurnar þar eru enn þá rýrari en í Snæfellsnessýslu, eru eins lítil líkindi til, að þangað fáiast sýslumaður, eins og í Snæfellsnessýslu. Útaf þessu, og þar eð ekki getur verið umtalsmál, eins og nú stendur á, að útvega neina launaviðbót úr ríkissjóðnum handa hvorugu þessara embætta, skoraði stjórnarráðið í bréfi dagsettu 15. aprílmán. þ. á. á amtmanninn yfir vesturamntinu að taka til ihugunar, hvort ekki mætti, með því að skipta næstu lögsagnarumdæmunum öðruvísi niður, koma til leiðar svo mikilli launaviðbót handa sýslumannsembættinu í Snæfellsnessýslu og sýslumannsembættinu í Barðastrandarsýslu, ef það verður laust, að hæfir menn mundu sækja um þau.

Um leið og amtmadurinn í vesturamntinu sendi áður nefnt bænarskjal frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu um lausn, lét hann í ljósi um þetta efni, að einasta úrræðið til þess, að embættisstörfunum í tæðri sýslu verði veitt sæmíleg forstada framvegis, sè að sinni hyggju það, að taka sýsluna af sem embætti útaf fyrir sig, og að skipta embættisstörfunum niður á milli sýslumannanna í næstu sýslunum, Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu. Í því efni hefir hann stungið uppá, að þessir 5 hreppar: Geiradals, Reykhóla, Gufudals, Múla og Flateyjar hreppar verði lagðir til Dalasýslu, og hinir 5 hrepparnir: Barðastrandar, Rauðasands, Tálknafjarðar, Dala og Suðurfjarðar hreppar til Ísafjarðarsýslu, að eptirgjaldi sýslunnar, lögþingisskrifaralaununum og lögrættumannaalaununum verði skipt að jöfnu á báðar þessar sýslur, og að skjalasafn hins aftekna embættis verði geymt við sýslumannsembættið í Dalasýslu, að svo miklu leyti sem því ekki verður skipt. Að vísu hefir dómsmálastjórnin nú þegar veitt amtmanninum í vesturamntinu heimild til að koma þessum skiptum í kring sem ráðstöfun til bráðabirgða, og að setja sýslumennina í Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu til að taka að sèr forstöðu hvor síns hluta af Barðastrandarsýslu, en þó hefir

1869.

9. júlí.

oss virzt réttast að veita alþingi færi á að segja álit sitt um málefni þetta, áður en ráðið verður af, hvort að eigi að taka embættið af fyrir fullt og allt, og hið sama er og um ráðstafanir þær, sem kynni að mega gjöra til þess að bæta tekjur Snæfellsnessýslu með því að breyta lögsagnarumdæma-skiptunum á milli tæðrar sýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu. Stjórnarráðinu hefir að vísu ekki borizt nein uppástunga frá Bergi amtmanni Thorberg um hið síðar nefnda atriðið fyrir þá sök, að hann varð fyrst að fá skýringar þær, sem hann þurfti til þess, en hann hefir verið látinn vita í bréfi dagsettu í dag, að málefni þessi muni verða lögð fyrir næsta alþingi, og beðinn um að vera undir það búinn að fá yður í hendur, herra stiptamtmaður, uppástungur um önnur skipti á milli Snæfellsnessýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu.

Þér eruð því beðnir, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, er nú fer í hönd, að leggja fyrir alþingi til álita bæði uppástungu þá, sem að framan er á vikið, um skiptingu á Barðastrandarsýslu upp á milli Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu, og uppástungu þá, sem Bergur amtmáður Thorberg kann að gjöra um önnur skipti á milli Snæfellsnessýslu og Mýra- og Hnappadalssýslu.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um mælingu skipa frá bandafylkjunum í Norðurameríku.

16. júlí.

Samkvæmt skýrslu frá aðalskattastjórninni hefir hún heitið stjórn bandafylkjanna í Norðurameríku, að öll skip, sem þar eiga heima og hafa ameríkönsk skrásetningar-skýrteini (certificates of registry), skuli sleppa hjá að verða mæld um aptur í Danmörku og hjálendunum, en að tons-rúmmál það, sem stendur í tæðum skýrteinum, skuli tekið gilt.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra (tit.), eruð þér beðnir að segja þeim, sem í hlut eiga, fyrir þessu samkvæmt,